# REITUR 1.170.1 og 2

# Bankastræti 2




## GILDANDI DEILISKIPULAG samþykkt 16.7 2002 og breyting v. Bankastr.4 og Skólastr. 1 samþ. 17.3.2004.




## BREYTING Á DEILISKIPULAGI 1:500



YFIRLITSMYND. ÚR AÐALSKIPULAGI



STAÐSETNING REITS 1.136

## SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| — — — | AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSREITS |
| —◇— | AFMÖRKUN MIÐBORGARINNAR |
| | NÚVERANDI BYGGINGAR |
| | BYGGINGARREITUR HÁMARK |
| | MEGIN MÆNISSTEFNA |
| - - - - - | LÓÐAMÖRK |
| 1KR | HÆÐIR / KJALLARI / NÝTANLEGT RIS |
| 5P | FJÖLDI BÍLASTÆÐA Á LÓÐ |
| HV | HVERFISVERND |
| VB | VERNDUN BYGGÐAMYNSTURS |
| VS | VERNDUN BYGGÐRA SVÆÐA |
| VG | VERNDUN GÖTUMYNDA |
| V20 | VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGA |
| F1918 | BYGGINGAR REISTAR FYRIR 1918 |
| H: | GÓLFKÓTI AÐALHÆÐAR |
| 1948 | BYGGINGARÁR |
| 12 | HÚSNÚMER |

## GREINARGERÐ:

### Bankastræti 2.

Staðgreinir: 1.170. 101
Landnr.: 101328

Elstu húsin á lóðinni eru brauðgerðarhús eða bakarí, sem P.C. Knudtzon kaupmaður lét reisa 1834 og íbúðarhús Bernhöfts bakara, reist sama ár. Ennfremur voru þá sk. móhús reist við Skólastræti.
Nokkrum árum seinna eða 1861 var kornhlaðan byggð milli bakarísins og móhúsanna í stað skúra sem þar höfðu staðið áður. Sölubúðin var svo flutt í viðbyggingu norðan við íbúðarhúsið að götunni, Bakarabrekkunni, sem nokkrum árum seinna var skírð upp á nýtt og nefnd Bankastræti.
Nyrst á lóðinni fékk KRON leyfi árið 1933 til að reisa einnar hæðar viðbót við geymsluhúsnæði við Skólastræti, húsið var forskallað timburhús, þar sem rekin var matvöruverslun og síðar bókabúð.
Móhúsin og Kornhlaðan brunnu 1977 og tveimur árum seinna voru húsin Bankastræti 2 og Amtmannsstígur 1 friðuð skv. þjóðminjalögum. Sama ár tóku Torfusamtökin húsin á leigu af ríkissjóði en frá árinu 1985 hefur sjálfseignarstofnunin Minjavernd haft á hendi rekstur allra mannvirkja á Bernhöftstorfunni. Gömlu húsin hafa öll verið endurbyggð og ný hús byggð í stað þeirra sem hafa horfið.

Breyting á deiliskipulagi nú tekur til lóðarinnar Bankastræti 2 innan reitsins 1.701.1.
Gert er ráð fyrir byggingarreit norðan við Móhúsin núverandi að Bankastræti því sem næst á sama reit og KRON-húsið sem lýst var hér að framan.
Mænisstefna verði þvert á stefnu Móhúsanna, gólfhæð á 1. hæð sama og gólfhæð á 1. hæð Móhúsanna og gengið inn frá Bankastræti. Gólfhæð á efri hæð verði um 30 cm hærri en á 2. hæð í Móhúsum og samgengt milli húsanna á 2. hæð. Mænishæð verði ekki meira en 1,2 m hærri en mænishæð Móhúsanna. Þakefni og ytri klæðningar verði sömu og á Móhúsum og yfirbragð að öðru leyti í samræmi við þær byggingar.

Helstu stærðir fyrir og eftir breytingu á deiliskipulagi:

| | Fyrir br. | Eftir br. |
|---|---|---|
| Br. flatarmál: | 438,7 m² | 540,0 m² |

Lóðirnar Bankastræti 2, Lækjargata 3 og Amtmannsstígur 1 eru samtals taldar vera 2187 m². Engin bílastæði eru á lóðinni.

## GÖTUMYNDIR / SNEIÐINGAR 1:500






SNEIÐING A-A fyrir breytingu



SNEIÐING A-A eftir breytingu

## SAMÞYKKTIR:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í SKIPULAGSRÁÐI þann 7. júní 2006
og í BORGARRÁÐI þann 15. júní 2006

Tillagan var auglýst frá 22. júní 2006
með athugasemdafresti til 3. ágúst 2006

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____ 2006

Engar athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingartíma og var hún því afgreidd endanlega á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 4. ágúst 2006

BORGARSTJÓRINN REYKJAVÍK


ARGOS ehf.
ARKITEKTASTOFA GRÉTARS OG STEFÁNS
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
s: 552 1760, f: 562 1687, netf: argos@argos.is


# 001

| | |
|---|---|
| HANNAÐ: | GM/SÖS |
| TEIKNAÐ: | GM |
| KVARÐI: | 1:500 |
| DAGS: | 18.04.06 |
| BREYTT: | |

Unnið fyrir Minjavernd hf., Amtmannsstíg 2, 101 R.vík.